



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 16. mars 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um almenn hegningarlög (mansal). Þingskjal 917, 550. mál. (151. löggjafarþing)

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um almenn hegningarlög (mansal).

Barnaheill þakka fyrir tækifærið sem þeim er veitt til að gera umsögn um ofangreint mál.

Samtökin styðja við þær tillögur sem gerðar eru að breytingum á mansalsákvæði hegningarlaga, 227. gr. a. og telja þær til úrbóta, sbr. tilmæli sérfræðingahóps Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, GRETA.

Barnaheill fagna því að íslensk stjórnvöld vinni markvisst að því að sporna gegn mansali og að því að vanda meðferð mála sem varða grun um mansal hér á landi. Samtökin hvetja þó til þess að gerð verði ný stefna og aðgerðaáætlun sem lögð verði fyrir þing til samþykktar sem fyrst. Síðasta aðgerðaáætlun rann sitt skeið árið 2016 og virk aðgerðaáætlun hefur ekki verið í gildi síðan.

Um mansal er að ræða þegar fullorðinn einstaklingur notfærir sér annan einstakling sér til framdráttar, þótt engin merki séu um þvingun, blekkingar, valdbeitingu eða annars konar ofbeldi. Þegar mansalsþolandi er yngri en 18 ára er um að ræða mansal á barni. Flestir tengja mansal við það að einstaklingur sé fluttur á milli staða, afhentur, hýstur eða tekið er á móti honum í þeim tilgangi að hafa not af honum. Flutningur frá einum stað til annars þarf þó ekki að vera forsenda mansals. Á hverju ári eru þúsundir barna fórnarlömb mansals. Þau eru beitt mansali í heimalandi sínu eða eru flutt á milli staða eða landa í þeim tilgangi að vera notuð í kynferðislegum tilgangi, við ólöglegar ættleiðingar, til að nýta úr þeim líffæri, við ólöglega vinnu, til að betla eða stela o.fl.

Mikilvægt er að hafa hagsmuni barns að leiðarljósi þegar upp kemst um mansal. Staða barna, til dæmis sem innflytjenda eða flóttamanna, skal vera aukaatriði þegar mál þeirra eru ráðin. Tryggja þarf börnum áfallahjálp og aðhlyningu. Þau þurfa enn fremur strax að fá aðgang að allri þjónustu á borð við félags- og heilbrigðisþjónustu. Börn þurfa sérstakan tilsjónarmann á meðan málefni þeirra eru til athugunar. Enn fremur þarf að búa svo um að barn komist í öruggt skjól til framtíðar eftir að máli er lokið.

Í skjali Dómsmálaráðuneytisins frá árinu 2019 um áherslur stjórnvalda í aðgerðum gegn mansali og annarskonar hagnýtingu eru tvær mikilvægar aðgerðir sem Barnaheill hvetja til að verði framkvæmdar sem allra fyrst:

- a) Stofnun samhæfingarmiðstöðvar fyrir mansalsþolendur sem ráðgert var að yrði lokið árið 2020
- b) Gerð verklagslýsingar af hálfu barnaverndaryfirvalda við greiningu á börnum sem grunur leikur á að gætu verið þolendur mansals og gerð leiðbeininga og verklagsreglna fyrir fagfólk sem starfar með börnum þegar grunur leikur á að barn sé þolandi mansals.

Barnaheill vilja taka undir umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um að í lögin ætti að bæta því við að samþykki þolanda mansals hafi ekki áhrif á stöðu hans og skuli ekki notað í þeim tilgangi að



draga úr alvarleika þeirrar meðferðar sem hann hefur verið beittur. Á þetta sérstaklega við ef þolandi mansals er barn.

Barnaheill vilja jafnframt taka undir umsögn þroskahjálpar um sama mál og styðja að öllu leyti það sem þar er bent á, um viðkvæma stöðu fatlaðra barna, sérstaklega barna með þroskahömlun og um mikilvægi þess að þolendur fái viðeigandi stuðning og meðhöndlun sem tekur mið af fötlun þeirra á öllum stigum máls.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna að bættum mannréttindum barna og leggja sérstaka áherslu á rétt barna til verndar gegn hvers kyns ofbeldi og misbeitingu eins og hann birtist í Barnasáttmálanum, öðrum mannréttindasamningum, Palermósamningnum, Palermóbókuninni og Evrópuráðssamningnum um aðgerðir gegn mansali.